

FUNDARGERÐ

331. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 16. ágúst 2022 í fundarsal skrifstofu Úrvinnslusjóðs að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
2. Verkefni framundan
3. Stafræn þróun
4. Framlengd framleiðendaábyrgð
5. Stofnanaskipulag umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis
6. Ársreikningur 2021
7. Starfshópur um framlengda framleiðendaábyrgð
8. Fundaáætlun
9. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁHJ) boðaði forföll.

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Ákveðið var að fresta samþykkt draga að fundargerð 330. fundar.
2. Ákveðið var að stjórnarmenn mundu kynna sér sérstaklega efni umfjöllunar inngangs draga að ársreikningi Úrvinnslusjóðs 2021, um tekjur Úrvinnslusjóðs, og málið yrði tekið fyrir að nýju á stjórnarfundi í september.
3. Ákveðið var að stjórn fundi tvisvar í mánuði á komandi vetri en stjórnarformanni var falið að vinna að fækkun funda.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 10:05

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Drög að fundargerð 330. stjórnarfundar lágu fyrir á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs. Ákveðið var að fresta umfjöllum um dagskrárliðinn til næsta stjórnarfundar.

2. Verkefni framundan

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lágu fyrir skjöl með heitin *F331 D02 Minnisblað fyrir stjórn Úrvinnslusjóðs, staða verkefni og áframhald, F331 D02 Stutt stöðulýsing frá Skattinum vegna álagningar á umbúðir, F332 D02 Verk- og kostnaðaráætlun fræðsluhlutverk 30.6.22 og F331 D02 Verk og kostnaðaráætlun vegna samstarfs um fræðslu skeyti.*

ÓK gerði stjórnarmönnum grein fyrir gangi verkefna sem skrifstofa Úrvinnslusjóðs vinnur að í samstarfi við Skattinn og Umhverfisstofnun. Þá upplýsti ÓK um kostnað samkvæmt rekstraráætlun umbúða. Kom fram að vinna þyrfti áætlunina nánar en útlit væri fyrir töluverðan kostnaðarauka. ÓK gerði grein fyrir kostnaðarforsendum. Að auki gerð ÓK grein fyrir hugmyndum um skiptingu verkefna og kostnaðar vegna fræðslustarfs.

Stjórn ræddi málið m.a. hvað einstakar forsendur og lagabreytingar varðar en einnig þrepaskyld gjöld. BSB lagði til að skrifstofu Úrvinnslusjóðs yrði falið að kynna fyrirhugaðar breytingar úrvinnslugjalda fyrir atvinnulífinu á fjarfundi. EM lagði til að haldinn yrði opinn fundur þar sem fjallað yrði um fyrirhugaðar breytingar. Lögð var áhersla á lögbundið forystuhlutverk Umhverfisstofnunar í fræðslumálum. Ræddar voru hugmyndir um stofnun stýrihóps um fræðslumál þar sem sveitarfélög og Endurvinnslan ehf. ættu einnig sæti.

3. Stafræn þróun

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lágu fyrir skjöl með heitin *F331 D03 Áætlun 22 vinnslukerfi – draft og F331 D03 Nýtt tölvukerfi Úrvinnslusjóðs.*

MJ og ÓK gerðu grein fyrir efni skjalanna og gangi undirbúnings verkefna vegna stafrænnar þróunar. Fram kom að þeim yrði hrint í framkvæmd á næstu mánuðum.

Stjórn ræddi málið meðal annars m.t.t. mögulegrar samlegðar vegna verkefna Umhverfisstofnunar. Rætt var um misræmi sem hefði komið fram í magntölum. Var því m.a. varpað fram hvort tilefni væri til að tölvukerfi yrðu þannig sniðin að þau gerðu ráð fyrir innra áhættumati.

4. Framlengd framleiðendaábyrgð

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir skjal með heitið *F331 D04 Svar ráðuneytis við minnisblöðum um framleiðendaábyrgð.*

MJ gerði grein fyrir efni svars URN.

Stjórn ræddi málið. Að hálfu EM kom fram að fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs væru með efni svarsins til skoðunar. Nefndi EM að það samræmdist að mati fulltrúanna ekki markmiðum hringrásarhagkerfisins.

5. Stofnanaskipulag umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lágu fyrir skjöl með heitin *F331 D05 Fundur með forstöðumönnum 28.06.2022 um stofnanaskipulag og F331 D05 Stofnanaskipulag umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis*.

ÓK gerði stjórn grein fyrir áformum um endurskoðun stofnanaskipulags URN.

Stjórn ræddi málið.

6. Ársreikningur 2021

Fyrir fundinum lá skjal með heitið *F331 D06 Drög að ársreikningi FJS fyrir Úrvinnslusjóð 2021*.

ÓK kynnti stjórn efni ársreikningsdraganna.

Stjórn ræddi málið. ÁKVEÐIÐ var að stjórnarmenn mundu kynna sér sérstaklega efni umfjöllunar inngangs draganna, um tekjur Úrvinnslusjóðs, og málið yrði tekið fyrir að nýju á stjórnarfundi í september.

7. Starfshópur um framlengda framleiðendaábyrgð

Fyrir fundinum lá skjal með heitið *F331 D07 Skipunarbréf nefndar um fyrirkomulag framleiðendaábyrgðar*.

Stjórn ræddi málið stuttlega.

8. Fundaáætlun

Stjórn ræddi verkefni komandi vetrar. ÁKVEÐIÐ var að stjórn fundi tvisvar í mánuði en stjórnarformanni falið að vinna að fækkun funda.

9. Önnur mál

Fleira var ekki gert á 331. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 11:59.